

Skýrsla stjórnar FaMos

Aðalfundi, sem halda átti í febrúar 2021, var frestað fram í maí þegar gluggi opnaðist í Covid-takmarkanirnar. Aðalfundurinn var haldinn 20.maí í Harðarbóli, vegna framkvæmda í Hlégarði. Á aðalfundi voru Margrét Ólafsdóttir og Kristbjörg Steingrímsdóttir endukjörnar til tveggja ára, Jóhanna B. Magnúsdóttir endurkjörin varamaður og Þorsteinn Birgisson kom inn sem nýr varamaður. Varamenn eru kosnir til eins árs. Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Ingólfur Hrólfsón er áfram formaður, Úlfhildur Geirsdóttir varaformaður, Snjólaug Sigurðardóttir ritari, Margrét J. Ólafsdóttir gjaldkeri og Kristbjörg Steingrímsdóttir meðstjórnandi.

Frá áramótum 2020/2021 til dagsins í dag hefur stjórnin haldið 12 formlega fundi og nokkra óformlega. Margt var skoðað og skipulagt, en vegna Covid rann það flest út í sandinn. Sumarhátíð sem halda átti 2020 var á dagskránni, en datt út eins og árið áður. Vel heppnað opið hús var í Harðarbóli í október, en samkomutakmarkanir lokuðu fyrir frekari samkomur.

Farið var af stað með tölvukennslu á haustmánuðum, en leiðbeinendurnir voru ekki lausir eftir áramót svo ekki hefur orðið af frekari kennslu. Það er full þörf á þessu svo vonandi fer þetta af stað á nýjan leik.

Íþróttastarf hefur gengið best af verkefnum félagsins enda mögulegt að halda hópum innan leyfilegra marka.

Ferðanefnd hefur ekki getað gert mikið en þó var farin ein ferð með Vorboðunum á Suðurnesin.

Námskeið Bjarka Bjarnasonar féll niður á síðasta ári og námskeiði þessa árs var frestað, en verður vonandi í lok mars.

Í samvinnu við félagsstarfið hefur gaman saman, félagsvist og bingó gengið vel miðað við aðstæður.

Fulltrúar Tryggingastofnunar komu í heimsókn og ræddu málefni stofnunarinnar á ágætum fundi á Eirhömrum.

Fulltrúar FaMos sitja í Öldungaráði Mosfellsbæjar. Okkur hefur fundist talsvert skorta á áhuga bæjarins á málefnum eldri borgara. Mjög fá mál hafa borist frá bænum til umsagnar öldungaráðs og fundir ráðsins hafa litlu skilað.

FaMos á einn fulltrúa á fulltrúaráðsfundi Eirar. Formaður hefur setið þessa fundi og er nú varamaður í stjórn Eirar. Það er mikilvægt að fylgjast með því að Eir er með mikla starfsemi í bænum og annast ýmis verkefni fyrir bæjarfélagið.

FaMos er aðili að LEB, Landssamband eldri borgara. Mikil áhersla var lögð á það á síðasta ári að koma áhersluatriðum eldri borgara á framfæri við stjórn málaflökkana og frambjóðendur. Það skilaði sér ágætlega inn í stefnuskrár flokkana og umræðuna, en því miður lítið inn í fjárlög

Þessa árs. Nú er hafin vinna vegna sveitarstjórnarkosninga, en erfitt er að koma með áherslur sem henta öllum sveitarfélögum stórum sem smáum. Landssambandið einbeitir sér að málum eldri borgara gagnvart ríkinu og þeim málum sem eru sameiginleg hagsmunamál félaga eldri borgara. Efst á baugi eru kjaramál, heilsuefling, lagabreytingar og húsnæðismál auk margs annars sem of langt mál er að telja upp. Formaður er varamaður í stjórn LEB.

Eftir erfitt ár virðast vera bjartari tímar framundan. Endurbættur Hlégarður hefur verið næstum því tilbúinn um nokkurt skeið og því stutt í að hægt verði að halda opið hús þar eins og fyrir Covid.

Það munu vera um 1300 eistaklingar 67 ára og eldri í Mosfellsbæ. 60 ára og eldri enn fleiri, en í félaginu okkar eru nú tæplega 700 manns á skrá, en þeim kann að fækka vegna vanskila. Það eru því allt of margir sem hafa ekki áttað sig á því hve ágætur félagsskapur þetta er. Hvetjum við ykkur til smala í félagið. Það styrkir okkur í starfi.

Hér á eftir gera formenn nefnda grein fyrir starfi í nefndunum eftir því sem þurfa þykir.